

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 112/2020

2023/EES/51/19

frá 14. júlí 2020

## um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fjárhagsleg málefni falla ekki undir EES-samninginn. Beiting fyrsta málsliðar fyrstu undirgreinar 6. mgr. 10. gr. a. tilskipunar 2003/87/EB er því með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.
- 3) Við ákvörðun tölulegra upplýsinga EFTA-ríkjanna sem hafa þýðingu fyrir útreikning og leiðréttingu á heildarfjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefa skal út fyrir tímabilið 2021 til 2030 og eru settar fram í B-hluta þessarar ákvörðunar hefur endurskoðaður línulegur stuðull upp á 2,2% verið notaður fyrir þær tölur sem hafa verið ákvarðaðar fyrir tímabilið 2013 til 2020 og eru settar fram í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 <sup>(2)</sup>.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB):

„– **32018 L 0410:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 (Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).“

2. Eftirfarandi kemur í stað aðlögunartexta í lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB):

„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þegar tilskipunin verður tekin upp í samninginn er engin flugstarfsemi, eins og hún er skilgreind í tilskipuninni, stunduð á yfirráðasvæði Liechtenstein. Liechtenstein mun hlíta ákvæðum tilskipunarinnar þegar hlutaðeigandi flugstarfsemi verður stunduð á yfirráðasvæði þess.

- b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 3. gr. c.:

„Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum og samkvæmt tölulegum gögnum frá Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við Evrópustofnunina um öryggi flugleiðsögu, taka ákvörðun um sögulega losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan EES með því að bæta viðeigandi tölum, sem varða flug innan yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og milli þeirra og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þegar sú síðarnefnda verður felld inn í EES-samninginn.“

- c) Önnur undirgrein 4. mgr. 3. gr. d. fellur brott.

- d) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 3. gr. e. og 4. mgr. 3. gr. f.:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38.

„Eigi síðar en þann sama dag skulu EFTA-ríkin senda umsóknir, sem þeim hafa borist, til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim án tafar til framkvæmdastjórnarinnar.“

„e) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 3. mgr. 3. gr. e.:

„Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum og samkvæmt tölulegum gögnum frá Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við Evrópustofnunina um öryggi flugleiðsögu, taka ákvörðun um heildarfjölda losunarheimilda innan EES, fjölda losunarheimilda sem verður boðinn upp, fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði og fjölda losunarheimilda án endurgjalds með því að bæta viðeigandi tölum, sem varða flug innan yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og milli þeirra og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þegar sú síðarnefnda verður felld inn í EES-samninginn.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðmiðið fyrir EES-svæðið. Framkvæmdastjórnin skal vinna náið með Eftirlitsstofnun EFTA í ákvarðanatökuflerlinu. Útreikningur og birting af hálfu EFTA-ríkjanna skv. 4. mgr. 3. gr. e. skal fara fram eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið ákvörðun um að taka ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar upp í EES-samninginn.“

f) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 5. mgr. 3. gr. f.:

„Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðmiðið fyrir EES-svæðið. Framkvæmdastjórnin skal vinna náið með Eftirlitsstofnun EFTA í ákvarðanatökuflerlinu. Útreikningur og birting af hálfu EFTA-ríkjanna skv. 7. mgr. 3. gr. f. skal fara fram eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið ákvörðun um að taka ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar upp í EES-samninginn.“

g) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 9. gr.:

„Aukning á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna þess að kerfið hefur verið víkkað út þannig að það taki til Liechtenstein og Noregs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal vera í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundnar úthlutunaráætlanir þeirra fyrir árin 2008 til 2012.

Aukning á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna þess að kerfið hefur verið víkkað út þannig að taki til Íslands samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skal samsvara 23 934 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings.

Að því er varðar EFTA-ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til við útreikning á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fram í A-hluta viðbættisins.“

h) Eftirfarandi málslíð er bætt við 1. mgr. 9. gr. a.:

„Að því er varðar Noreg, er árlegur meðalheildarfjöldi losunarheimilda vegna stöðvanna sem nefndar eru í þessari málsgrein 878 850.“

i) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 2. mgr. 9. gr. a.:

„Að því er varðar stöðvar í EFTA-ríkjunum sem stunda starfsemi sem skráð er í I. viðauka og kerfi Bandalagsins tekur aðeins til frá og með árinu 2013, skal árleg meðallosun skýrslutímabilsins vegna leiðréttingarinnar vera:

Ísland: 1 862 571 tonn af jafngildi koltvísýrings.

Liechtenstein: 0 tonn af jafngildi koltvísýrings.

Noregur: 5 269 254 tonn af jafngildi koltvísýrings.“

j) Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir 4. mgr. 9. gr. a.:

„5. Að því er varðar EFTA-ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til við leiðréttingu á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fram í A-hluta viðbættisins.

6. Framkvæmdastjórnin skal reikna og leiðrétta árlegan fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 í samræmi við ákvæði 9. gr. og þessarar greinar til að ná yfir tölur frá EFTA-ríkjunum sem koma fram í A-hluta viðbættisins. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðréttan fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu frá og með árinu 2013.“
- k) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 2. mgr. 10. gr.:
- „Að því er varðar a-lið, skal hlutur Liechtenstein og Noregs reiknaður út á grundvelli eftirfarandi losunar:
- Liechtenstein: 20 943 tonn af jafngildi koltvísýrings.
- Noregur: 18 635 669 tonn af jafngildi koltvísýrings.
- Að því er varðar Ísland, skal hluturinn sem um getur í a-lið reiknaður út á grundvelli 36 196 tonna af jafngildi koltvísýrings leiðrétta með 899 645 tonnum af jafngildi koltvísýrings, sem er hluti af staðfestri losun fyrir árið 2005 frá stöðvum sem stunda starfsemi sem skráð er í I. viðauka og kerfi Bandalagsins tekur aðeins til frá og með árinu 2013. Hlutur Íslands skal því reiknaður út á grundvelli 935 841 tons af jafngildi koltvísýrings.“
- l) Ákvæði 3. mgr. 10. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-rikin.
- m) Eftirfarandi málslið er bætt við fyrstu undirgrein 3. mgr. 10. gr. b.:
- „Geirar og undirgeirar í EFTA-ríkjunum skulu senda umsóknir, sem þeim hafa borist, til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim til framkvæmdastjórnarinnar.“
- n) Í stað annars málsliðar 3. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:
- „EFTA-rikin skulu kveða á um sektir fyrir umframlosun sem jafngilda þeim sem gilda í aðildarríkjum ESB.“
- o) Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir 12. mgr. 16. gr.:
- „13. EFTA-rikin skulu senda allar beiðnir sky. 5. og 10. mgr. 16. gr. til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim án tafar til framkvæmdastjórnarinnar.“
- p) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr. 18. gr. a.:
- „Umráðendum loftfara skal endurútluta til EFTA-rikjanna á árinu 2011, eftir að flugrekandinn hefur uppfyllt skuldbindingar sínar fyrir árið 2010. Upphaflega ábyrgðarríkið getur samþykkt nýjan tímafrest fyrir endurúthlutun umráðenda loftfara sem upphaflega var úthlutað til aðildarríkis á grundvelli viðmiða sem getið er b-lið, eftir að flugrekandinn hefur lagt fram skýra beiðni þar um innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjórnin samþykkir skrá yfir umráðendur loftfara innan EES, sem kveðið er á um í b-lið 3. mgr. 18. gr. a. Í því tilviki skal endurúthlutun fara fram eigi síðar en árið 2020 að því er varðar viðskiptatímabilið fyrir losunarheimildir sem hefst 2021.“
- q) Í b-lið 3. mgr. 18. gr. a. er orðunum „á EES-svæðinu“ bætt við á eftir orðunum „umráðenda loftfara“.
- r) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 18. gr. b.:
- „Til að sinna verkefnum sínum geta EFTA-rikin og Eftirlitsstofnun EFTA óskað eftir aðstoð Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu eða annarrar hlutaðeigandi stofnunar og gert viðeigandi samninga við slíkar stofnanir.“
- s) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 20. gr.:

- „4. Skrá skal í óháðu viðskiptadagbókina, sem um getur í 1. mgr., útgáfu, framsal og afturköllun losunarheimilda sem varða EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum og flugrekendur sem lúta stjórn þeirra.

Yfirstjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnum sem um getur í 1.–3. mgr. að því er varðar EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum eða flugrekendur sem lúta stjórn þeirra.“

- t) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 25. gr.:

- „2. Til losunarheimilda í kerfi Bandalagsins teljast losunarheimildir sem EFTA-ríkin gefa út eða rekstraraðilar í þeim ríkjum selja innan kerfis Bandalagsins. Eftir að Bandalagið hefur gert samning af því tagi sem um getur í þessari grein skal enginn munur gerður á slíkum losunarheimildum.

Framkvæmdastjórnin skal senda EFTA-ríkjunum tímanlega upplýsingar um samninga-viðræður og gerð samninga eða samþykka sem eru ekki bindandi samkvæmt þessari grein.“

- u) Eftirfarandi er bætt við á eftir V. viðauka:

### „VIÐBÆTUR

#### A-HLUTI

**Tölur frá EFTA-ríkjunum sem skipta máli við útreikning og leiðréttingu á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá árinu 2013 til ársins 2020 skv. 9. gr. og 9. gr. a. tilskipunar 2003/87/EB**

#### 1. Tölur EFTA-ríkjanna samkvæmt 9. gr.

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

##### Ísland

Tölur þessar eru grundvallaðar á sannreyntri árlegri meðallosun á árunum 2005 til 2010 frá starfsemi sem í grundvallaratriðum fellur undir ákvæði tilskipunar 2003/87/EB á tímabilinu 2008 til 2012 og samsvara 23 934 losunarheimildum.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	22 684
2014	22 268
2015	21 851
2016	21 435
2017	21 018
2018	20 602
2019	20 186
2020	19 769

##### Liechtenstein

Tölur þessar eru grundvallaðar á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda Liechtensteins fyrir tímabilið 2008 til 2012 og samsvara 17 943 losunarheimildum, eins og fram kemur í landsbundinni úthlutunaráætlun Liechtensteins.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	17 006
2014	16 694
2015	16 382

2016	16 070
2017	15 758
2018	15 445
2019	15 133
2020	14 821

**Noregur**

Tölur þessar eru grundvallaðar á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda Noregs fyrir tímabilið 2008 til 2012 og samsvara 14 255 268 losunarheimildum, eins og fram kemur í landsbundinni úthlutunaráætlun Noregs.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	13 511 143
2014	13 263 101
2015	13 015 060
2016	12 767 018
2017	12 518 976
2018	12 270 935
2019	12 022 893
2020	11 774 851

**2. Tölur EFTA-rikkjanna samkvæmt 1. mgr. 9. gr. a.**

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

**Noregur**

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	832 974
2014	817 682
2015	802 390
2016	787 098
2017	771 806
2018	756 514
2019	741 222
2020	725 930

**3. Tölur EFTA-rikkjanna samkvæmt 2. mgr. 9. gr. a.**

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

**Ísland**

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	1 732 936
2014	1 700 527
2015	1 668 119
2016	1 635 710
2017	1 603 301
2018	1 570 892
2019	1 538 484
2020	1 506 075

**Noregur**

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	4 994 199
2014	4 902 514
2015	4 810 829
2016	4 719 144
2017	4 627 459
2018	4 535 774
2019	4 444 089
2020	4 352 404

**B-hluti**

Tölur frá EFTA-ríkjunum sem skipta máli við útreikning og leiðréttingu á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá árinu 2021 til ársins 2030 skv. 9. gr. og 9. gr. a. tilskipunar 2003/87/EB

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 2,2% verið notaður.

CAP 2021-2030	Ísland	Noregur
2021	1 484 341	16 404 311
2022	1 442 838	15 955 437
2023	1 401 335	15 506 563
2024	1 359 832	15 057 689
2025	1 318 329	14 608 814
2026	1 276 826	14 159 940
2027	1 235 323	13 711 066
2028	1 193 819	13 262 192
2029	1 152 315	12 813 318
2030	1 110 811	12 364 443

”

3. Eftirfarandi er bætt við lið 21alj (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814):

„, breytt með:

- **32018 L 0410**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 (Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2018/410, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júlí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júlí 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.